

1268. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. september 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Ólafur Reimar Gunnarsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jennifer Schröder og Arnþór Sigurðsson varamaður.

Gestur fundarins: Ólafur Frímann Gunnarsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Landsbréfum.

Næsti fundur: 9. október 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Hann lagði til dagskrárbreytingu þannig að liðurinn Styrkur til Einstakra barna yrði númer 8 í dagskránni og færist aðrir liðir til í samræmi við það.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1266 og 1267 stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1266. og 1267. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

2. Fjárfestingastefna VR

Í stjórnargátt er að finna skjalið „Fjárfestingast. Landsbankinn kynning“ til kynningar.

Inn á fundinn kom Ólafur Frímann Gunnarsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Landsbréfum. Ólafur Frímann fór yfir ávöxtun og þróun skulda- og hlutabréfa á glærum.



Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 17:45.

Í máli Ólafs Frímanns kom fram að verðbréfum fylgir mismunandi áhætta, skuldabréf bera alla jafnan þekkt greiðsluflæði öfugt við hlutabréf. Í vaxtalækkunarferli jækkar verðmæti skuldabréfa og öfugt í vaxtahækkunarferli. Verðmæti hlutabréf flöktir hins vegar meira eftir duttlungum markaðarins og væntingum um framtíðartekjumöguleika.

Ólafur Frímann fór því næst yfir ávöxtun innlendra og erlendra ríkisskuldabréfa og innlendra og erlendra hlutabréfa síðustu misseri og ár. Ávöxtun hlutabréfa yfir lengra tímabil er oftast betri en skuldabréfa, en sveiflur milli ára eru mun meiri. Hann benti á að í eignastýringu skipti miklu máli að velja safn eftir áhættusækni/-fælni viðkomandi fjárfestis. Fjárfestingastefna VR er varfærin stefna.

Umræður

Að umræðum loknum var Ólafi þakkað fyrir erindið og yfirgaf hann fundinn kl. 18:15

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór yfir stöðuna og lýsti yfir óánægju með nýkynnt fjárlög. Fjármálaráðherra hafi lýst því yfir að „þetta væri allt að koma“ en svo stígur Arion banki fram með 15% hækkun vaxta í morgun [11.09.2024]. Þróun verðbólgu og vaxta er galin og talar hvorki inn í það sem við sömdum um á vinnumarkaði né það sem fjármálaráðherra sagði við kynningu á fjárlögum.

Þá fjallaði Ragnar um mótmælin á Austurvelli í gær [10.09.2024] en ASÍ, BSRB og KÍ efndu til mótmæla gegn skeytingarleysi stjórnvalda gagnvart verðbólgu og vöxtum en mótmælin voru haldin sama dag og þing var sett og sagðist Ragnar ekki vita til þess að slíkt hafi verið gert af verkalyðshreyfingunni áður, hér væri um söguleg mótmæli að ræða. Góð mæting var á Austurvöll, ræður voru haldnar, m.a. hélt varaformaður VR, Halla Gunnarsdóttir, ávarp, sem birt er á vefsíðu VR.

Ragnar fjallað um undirbúningsfund ASÍ fyrir komandi þing sambandsins í október en fundinn sátu þingfulltrúar og trúnaðarráð VR. Fjölmennt var á fundinum. Hann sagði að VR muni leitast við að hafa áhrif á dagskrá þingsins og koma þar að fleiri forgangsmálum VR, s.s. húsnæðismálum, og er verið að vinna að tillögum þess efnis.

Þá minnti Ragnar á málþing á vegum VR þann 17. september um áhrif niðurskurðarstefnu en Clara Mattei hagfræðingur mun m.a. halda þar erindi. Hann hvatti stjórnarfolk til að mæta.

Umræður

Í umræðum kom fram ábending um að æskilegt væri að stjórn fengi tölvupóst með staðfestum dag- og tímasetningum þegar um væri að ræða viðburði, s.s. mótmæli.

4. Uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Árshlutareikningur janúar til júní 2024“, „Árshlutauppgjör janúar til júní skipt á sjóði“ og „Q2 Lykiltölur árið 2024“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR fór yfir uppgjör fyrstu sex mánuði ársins og lykiltölur. Í máli hans kom fram að fjölgun félagsfólks væri 1,8% fyrstu sex mánuði ársins, afgangur fækka en félagsfólk sækir í meira þjónustu rafrænt, aukning er í heimsóknunum á vef og á Mínar síður. Kjaramál eru færri en á sama tímabili í fyrra.

Þá sagði Stefán að umtalsverð aukning væri í greiðslum sjúkradagpeninga og er hlutfall greiddra sjúkradagpeninga af iðgjöldum tæplega 90%. Rekstrargjöld eru 127 m.kr. yfir áætlun sem rekja má að stærstum hluta til sjúkradagpeninga. Hreinar tekjur til ráðstöfunar eru tæplega 317 m.kr.

Umræður

5. Skipulag skrifstofu VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Skipurit 2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán kynnti tillögur að breytingum á skipulagi skrifstofu félagsins. Undir rekstrar- og fjármálasvið hefur fallið upplýsingatækni en nú er gerð tillaga að því að skipta sviðinu upp og stofna sérsvið upplýsingatækni en upplýsingatækni er alltaf að verða veigameiri þáttur í starfsemi félagsins. Þá er lagt til nýtt heiti á þróunarsvið, samskiptasvið sem er meira lýsandi fyrir verkefni sviðsins.

Farið var yfir nýtt skipurit félagsins og verkefnaskipan.

Umræður

Ragnar Þór lagði fyrir fundinn tillögur að breytingum á skipulagi sbr. að ofan.

Samþykkt samhljóða.

6. Samstarfssamningur við SVP um aukna hæfni í verslun og þjónustu, staðan og næstu skref

Fyrir fundinum lá skjalið „Samningur við SVP um aukna hæfni, minnisblað sept. 2024“ til kynningar.

Stefán rifjaði upp að vorið 2023 undirrituðu VR og SVP samstarfssamning sem felur í sér markmið um að auka hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu. Samningurinn nær til ársins 2030 og felur í sér 3 meginmarkmið. Í fyrsta lagi að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sækir nám sem hefur að markmiði að auka hæfni og þekkingu.



Í öðru lagi felur samningurinn í sér markmið um að 80% erlends starfsfólks búi árið 2030 yfir hæfni B1 í íslensku samkvæmt viðmiðum Evrópska tungumálarammans (European Language Portfolio). Og í þriðja lagi er stefnt að því að verslunar- og þjónustugreinin þrói og skilgreini aðferð sem leiði af sér viðurkenningu/vottun á gefnum markmiðum samningsins.

Búið er að gera stöðukannanir meðal fyrirtækja og starfsfólks og halda málþing þar sem niðurstöður þeirra voru ræddar. Aðgerðaráætlun liggur fyrir og vinna við samskiptastefnu er hafin auk þess sem unnið er að fyrstu skrefum aðgerðaráætlunar.

Umræður

7. Jólaskemmtun VR 2024

Fyrir fundinum lá skjalið „Jólaskemmtun 2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Steinunn Böðvarsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs, fór yfir tillögur sviðsins að breytingum á jólaskemmtun fyrir börn félagsfólks. VR hefur boðið félagsfólki og börnum þeirra á jólaball síðustu ár. Nú liggur fyrir tillaga um að bjóða börnum og forráðamönnum þeirra á Ævintýri í Jólaskógi, vasaljósagöngu um jólaskóg í Guðmundarlundi.

Umræður

Í umræðum kom fram fyrirspurn varðandi aðgengismál í Guðmundarlundi. Samskiptasvið mun kanna hvernig því er háttað og láta stjórn vita.

Ragnar Þór lagði tillöguna fyrir fundinn.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Styrkur til Einstakra barna

Ragnar sagði frá því að hann ásamt stjórnarkonunum Svanhildi Ólöfu Þórsteinsdóttur og Diljá Ámundadóttur Zoega og Steinunni Böðvarsdóttur forstöðumanni hjá VR, hafi fundað með fulltrúum Einstakra barna og Kiwanis hreyfingarinnar á Íslandi fyrr í vikunni til að ræða mögulegan styrk félagsins til Einstakra barna. Á þeim fundi hafi Guðrún Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, kynnt starfsemina og umfangið. Ljóst er að gríðarlega mikilvægt starf er unnið á vettvangi samtakanna en þau njóta ekki fjárframlaga frá hinu opinbera heldur eru rekin á styrkjum og velvild einstaklinga og fyrirtækja. Kiwanis undirbúa nú söfnun fyrir samtökin síðar í mánuðinum.

Umræður



Í umræðum var rætt um fyrirkomulag stærri styrkumsókna og mikilvægi þess að samþykktur yrði rammi utan slíkar umsóknir. Styrkjanefnd VR mun leggja fyrir stjórn tillögur að breytingum á reglum nefndarinnar til að taka utan um slíkar beiðnir.

Ragnar lagði fyrir fundinn að VR styrki samtökin Einstök börn með 6 m.kr. framlagi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

